



Erindisbréf fyrir aðstoðarskólastjóra við grunnskóla Akureyrar

1. gr. Aðstoðarskólastjóri, sem ráðinn er til starfa í grunnskólum Akureyrar, skal gegna því samkvæmt lögum, reglugerðum, aðalnámsskrá grunnskóla, erindisbréfi, kjarasamningum og starfsmannastefnu Akureyrarbæjar. Skólastjóri ræður aðstoðarskólastjóra að höfðu samráði við deildarstjóra skóladeildar og skólanefnd og að fenginni umsögn kennararáðs.
2. gr. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Þegar aðstoðarskólastjóri leysir skólastjóra af um lengri eða skemmri tíma lýtur hann erindisbréfi fyrir skólastjóra. Hann situr fundi kennararáðs. Næsti yfirmaður aðstoðarskólastjóra er skólastjóri.
3. gr. Aðstoðarskólastjóri er ásamt skólastjóra og deildarstjórum er faglegur forystumaður innan skólans og tekur þátt í mótun staðblæs og menningar. Honum ber að kynna sér eftir föngum störf kennara og veita þeim allt það lið sem hann má með ráðgjöf, hvatningu og hrósi. Komi í ljós verulegar misfellur í starfi kennara skal aðstoðarskólastjóri gera skólastjóra viðvart.
4. gr. Aðstoðarskólastjóri tekur þátt í stefnumótun skóla. Hann vinnur ásamt deildarstjórum og eftir atvikum öðru starfsfólki að gerð skólanámsskrár, þróunar- og umbótaáætlunar, endurmenntunaráætlunar, innra mats og stuðlar að virkri þátttöku kennara eftir tilefni hverju sinni.
5. gr. Aðstoðarskólastjóri sér um framkvæmd stundaskrár og skipuleggur forfallakennslu vegna tímabundinna forfalla kennara í því skólahúsi sem hann hefur aðsetur í. Hann heldur forfallaskrá ásamt skólastjóra.
6. gr. Aðstoðarskólastjóri skal hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og láta sér annt um velferð þeirra. Hann skal gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er hann fær vitneskju um í starfi og er bundinn þagnarskyldu sem helst þótt látið sé af starfi.
7. gr. Í grundvallatariðum fer aðstoðarskólastjóri með mál er varða starfsfólk og nemendur á yngsta stigi. En að öðru leyti fer verkaskipting skólastjórna eftir því í hvaða skólahúsi þeir eru staddir þegar verkefni verða til.
8. gr. Fáir aðstoðarskólastjóri upplýsingar um að misbrestur sé á skólasókn nemanda, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður valdi, skal hann leita úrbóta.
9. gr. Aðstoðarskólastjóri sinnir öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur honum. Kjósi skólastjóri og aðstoðarskólastjóri að viðhafa aðra skiptingu hlutverka sín í milli en erindisbréfið kveður á um, skal það kynnt starfsmönnum skólans, nemendum, foreldrum og skólanefnd.
10. gr. Verkefni sem aðstoðarskólastjóri Brekkuskóla hefur yfirumsjón með, samkvæmt sérstöku samkomulagi við skólastjóra.